

Starfsendurhæfing
Hafnarfjarðar

Ársskýrsla
2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Stjórn	2
Starfsmannahald	2
Fjármögnun	2
Húsnæðismál	3
Markhópur.....	3
Hlutverk og markmið.....	3
Hugmyndafræði.....	3
Endurhæfingin	4
Endurhæfingarleiðir	4
Námskeið og fræðsla.....	4
Ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta	5
Hreyfing	5
Félagslegir þættir.....	6
Starfsprófun / starfsþjálfun	6
Fræðsla og menntun starfsfólks	6
Þróunarverkefni.....	6
Samstarf.....	7
Starfsemi ársins	7
Árangur.....	9
Lokaorð.....	10

Myndir

Mynd 1. Tilvísanir 2016. Kynjaskipting þátttakenda	7
Mynd 2. Tilvísanir 2016. Aldur þátttakenda, ár	8
Mynd 3. Tilvísanir 2016. Fjarvera frá vinnumarkaði, mánuðir.....	8
Mynd 4. Tilvísanir 2016. Staða þátttakenda í árslok	9
Mynd 5. Árangur þeirra sem luku þátttöku 2016	9

Inngangur

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er sjálfseignarstofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni (e. non-profit). Hlutverk hennar er að sinna starfsendurhæfingu. Stofnaðilar voru Hafnarfjarðarbær, Sjúkraþjálfarinn ehf, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og Verkalýðsfélagið Hlíf og eiga þeir allir aðild að stjórn.

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar 2016 er samantekt á starfsemi félagsins fyrir almanaksárið 2016.

Stjórn

Aðalfundur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar var haldinn 2. maí 2016.

Stjórn er þannig skipuð að aðalmenn eru: Árni Rúnar Þorvaldsson, Gunnar Viktorsson, Kolbeinn Gunnarsson (kjörnir til 2018) og Helga Ingólfssdóttir og Karl Rúnar Þórsson (kjörin til 2017).

Varamenn í stjórn eru Gunnar Axel Axelsson og Elias Már Sigurbjörnsson (kjörnir til 2018) og Haraldur Sæmundsson, Kristín Thoroddsen og Linda Baldursdóttir (kjörin til 2017).

Skoðunarmenn reikninga eru Ólafur Pétursson og Ingvar Reynisson.

Kolbeinn Gunnarsson hélt áfram formennsku. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 5 stjórnarfundir.

Starfsmannahald

Á árinu störfuðu eftirtaldir starfsmenn hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar:

- Anna Guðný Eiríksdóttir, sjúkraþjálfari og menntunarfræðingur í 100% starfi. Hún gegnir stöðu framkvæmdastjóra og sinnir jafnframt ráðgjöf við þátttakendur.
- Auður Sigurgeirsdóttir móttökuritari í 60% starfi.
- Elsa Sigríður Þorvaldssdóttir, iðjuþjálfari í 80 % starfi ráðgjafa.
- Helga Dögg Helgadóttir, sálfræðingur í 30% starfi.
- Jón Ingi Hákonarson, leikari, leikstjóri og viðskiptafræðingur í 100 % starfi ráðgjafa.
- Kristín Garðarsdóttir, djákni og áfengisráðgjafi í 30 % starfi ráðgjafa.
- Sveindís Jóhannsdóttir, félagsráðgjafi og fjölskylduráðgjafi í 80% starfi ráðgjafa.

Auk þess að sinna ráðgjöf við þátttakendur og vera tengiliðir þeirra við fagaðila í öðrum þjónustukerfun kenna starfsmenn á námskeiðum og veita sérfræðiráðgjöf hver á sínu sviði.

Fjármögnun

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar á árinu 2016 var fjármögnuð af sölu þjónustu eins og fyrr. Eini kaupandi þjónustu á árinu var Virk starfsendurhæfingarsjóður.

Þjónustusamningur við Virk frá júní 2015 sem gildi til áramóta 2016/2017, var framlengdur í eitt ár, eða til 31. desember 2017.

Húsnæðismál

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar fer að lang mestu fram á helmingi 2. hæðar að Flatahrauni 3. Eigandi hússins og leigusali er Verkalýðsfélagið Hlíf. Í húsinu er einnig unglingaskólinn Nú, sem deilir efri hæð hússins með Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, Hraunsel, félagsmiðstöð aldraðra og öryrkja sem er til húsa á jarðhæð og hluta kjallara og Félag eldri borgara í Hafnarfirði sem er með skrifstofu í kjallara.

Markhópur

Þátttaka í starfsendurhæfingu hentar þeim sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, hafa misst vinnu eða þurft að hætta störfum t.d. vegna sjúkdóma, slysa eða erfiðra félagslegra aðstæðna og vilja komast til virkni á vinnumarkaði á ný. Þetta fólk er markhópur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar samkvæmt skipulagsskrá.

Hlutverk og markmið

Hlutverk Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er að sinna starfsendurhæfingu fólks sem stendur höllum fæti gagnvart vinnumarkaði og þarf aðstoð til þess að verða virkt þar á ný. Samkvæmt skipulagsskrá eru markmið starfsins:

- *Að þátttakendur komist í vinnu eða nám til þess að styrkja stöðu sína gagnvart vinnumarkaði. Unnið er að því með þátttakendum að greina stöðu þeirra, hjálpa þeim að setja sér framtíðarmarkmið og finna leiðir að þeim.*
- *Að lífsgæði þátttakenda og fjölskyldna þeirra aukist. Skert vinnufærni getur leitt til vítahringis félagslegrar einangrunar, fjárhagsvanda og varanlegs heilsuleysis og jafnvel kollvarpað daglegu lífi einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Þátttaka í atvinnutengdri endurhæfingu getur verið leið til þess að rjúfa vítahringinn og auka lífsgæði.*
- *Að endurhæfingin fari fram í heimabyggð. Reynslan sýnir að það er þátttakendum afar mikilvægt að hafa aðgang að þjónustu í sinni heimabyggð. Minni tími fer í ferðalög, þeir losna við streituna sem fylgir umferðarþunga á álagstímum og síðast en ekki síst eru boðleiðir milli ýmissa þjónustustofnana tiltölulega greiðar og viðbragðstími stuttur.*

Hugmyndafræði

Hugmyndafræði Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar byggir á svonefndu "Húsavíkurmódeli". Þróun þess hófst á Húsavík skömmu eftir aldamót með samvinnu fagfólks félagsþjónustu, heilbrigðiskerfis og menntakerfis og leiddi til stofnunar BYRS starfsendurhæfingar sem síðar varð Starfsendurhæfing Norðurlands (SN). Tilurð Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar 2008 má rekja til þróunarverkefnis SN sem unnið var 2007-2009 og fólst í yfirfærslu hugmyndafræðinnar til Hafnarfjarðar, og aðlögun starfsaðferða að aðstæðum í Firðinum.

Meginstef hugmyndafræðinnar er að frá upphafi komi þátttakendur að sinni endurhæfingu með virkum hætti og að í endurhæfingunni sé unnið með þá þætti sem þeir telja hindra þátttöku sína á vinnumarkaði. Hver þátttakandi gerir áætlun með aðstoð ráðgjafa Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar þar sem fram kemur eru hverjir áhersluþættir endurhæfingarinnar eru og í hverju hún felst. Áætlunin er jafnframt tvíhliða samningur milli einstaklings og stöðvinnar. Lögð er áhersla á að hjálpa þátttakendum á að átta sig á og ná að nýta eigin styrkleika, auka virkni sína og frumkvæði til þess að taka ábyrgð á eigin velferð.

Nær allir þátttakendur tengjast ákveðnum hópi frá upphafi endurhæfingarinnar. Unnið er að heildstæðri úrlausn mála með hverjum þátttakanda eftir því sem kostur er. Lögð er áhersla á að nýta til þess þau úrræði sem þegar eru til staðar í nærsamfélaginu svo sem í heilbrigðis-, félags-, og menntakerfinu. Með því að koma á eða auka samvinnu milli ólíkra kerfa er reynt að hámarka árangur þjónustunnar sem þau geta veitt. Þess vegna er mikilvægt að byggja upp samstarf við alla sem geta lagt lóð sitt á vogarskálarnar til þess að þátttakendur nái árangri í endurhæfingunni og geti gert þær breytingar á lífi sínu sem þeir stefna að.

Endurhæfingin

Endurhæfingin er heildstæð, beitt er fjölfaglegri teymisvinnu bæði innanhúss og í samvinnu við fagfólk mismunandi þjónustukerfa og ýmsa aðra sem lagt geta hönd á plóg. Allir þátttakendur fá einstaklingsráðgjöf og stuðning.

Frá upphafi endurhæfingar er lögð á virkni þátttakenda og ábyrgð þeirra sjálfra á eigin velferð. Hver þátttakandi hefur ákveðinn tengilið / ráðgjafa í hópi starfsmanna. Ráðgjafar Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar eru tengiliðir milli þátttakenda og þeirra fagmanna t.d. í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem hafa með málefni þeirra að gera og annarra sem veitt geta aðstoð og stuðning í endurhæfingunni. Þeir sjá um samskipti við Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun og félagsþjónustur sveitarfélaganna auk þess sem þeir vinna með tilvísandi ráðgjöfum Virk hjá stéttarfélögum.

Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðinga, sjúkráþjálfara, menntastofnanir, kennara og námskeiðshaldara.

Endurhæfingarleiðir

Einstaklingar eru misjafnlega lengi í endurhæfingu og geta hætt og hafið störf á vinnumarkaði hvenær sem þeir eru tilbúnir til og tækifæri bjóðast. Þátttakendur hafa ólíkar þarfir og til þess að koma sem best á mótis við þær mismunandi leiðir í endurhæfingunni. Áherslur í endurhæfingu taka mið af þörfum þátttakenda hverju sinni og eru stöðugt í þróun. Helstu leiðir samkvæmt gildandi samningi við Virk eru:

I. Matsleið: Matsleið er leið sem ætluð er til þess að meta möguleika einstaklinga til þess að taka þátt í starfsendurhæfingu. Þátttakendur fá tækifæri til þess að reyna sig í endurhæfingu og þurfa að standast ákveðin mætingaviðmið til þess að halda áfram í atvinnutengdri endurhæfingu

II. Einstaklingsbundin, þverfagleg endurhæfing: Samkvæmt orðanna hljóðan er hér um að ræða endurhæfingu sem er miðuð við þarfir hvers og eins einstaklings og aðkoma fagfólks og samvinna er þverfagleg. Gera þarf ráð fyrir ólíkum þörfum einstaklinga og skipuleggja þjónustu í samræmi við þær.

III. Lokasprettur / eftirfylgd: Þessi leið er fyrir þá þátttakendur sem þurfa einungis lítinn stuðning á lokametrum endurhæfingar eða eftirfylgd í stuttan tíma að endurhæfingu lokinni. Stuðningur og hvatning er þá veitt í markmiðavinnu og fyrstu skrefin í starfi eða námi.

Námskeið og fræðsla

Fræðsla var að mestu leyti í höndum fastra starfsmanna Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar og fer hún ýmist fram í formi fræðslufyrirlestra, námskeiða, í einstaklingsviðtölum eða í hópvinnu.

Á árinu voru haldin ýmis námskeið fyrir þátttakendur. Nokkur þeirra flokkast undir svo nefnd kjarnanámskeið sem eru hluti endurhæfingar flestra þátttakenda. Dæmi um slík námskeið er fjármálanámskeið, heilsufræðsla, hópefli, markmiðasetning, námskeið tengd vinnumarkaðnum og námskeið um venjur og viðhorf. Önnur námskeið eru sértækari og miðast við þarfir og vanda þátttakenda hverju sinni s.s. eins og sjálfseflingarnámskeið með mismundandi áherslum, kvíðanámskeið, námskeið í slökun, núvitund, um næringu og heilsu, tölvunámskeið fyrir byrjendur, uppeldisnámskeið, meðvirknihópar, námskeið vegna ADHD, svefnnámskeið, sjálfshjálparhóp í samvinnu við Kvennaathvarfið HAM matreiðslu og myndlist.

Auk fastra starfsmanna Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar komu margir verktakar að starfinu, veittu sérfræðiráðgjöf eða sáu um hluta fræðslu og kennslu þátttakenda. Meðal þeirra voru:

- Birna G. Ásbjörnsdóttir MS í næringarlæknisfræði og heilbrigðisvísindum kenndi um meltingu og heilsu.
- Garðar Björgvinsson fjármálaráðgjafi kenndi fjármálanámskeið.
- Katrín Garðarsdóttir, fjármálaráðgjafi og kennari kenndi sjálfseflingarnámskeið.
- Kári Halldór Þórsson, leikari og leikstjóri með námskeið um tjáningu.
- Kristbergur Pétursson, myndlistarmaður kenndi myndlist.
- Laufey Brá Jónsdóttir leikari, guðfræðingur og viðskiptafræðingur kenndi á vinnumarkaðstengdu námskeiði.
- Matti Ósvald heilsufræðingur og markþjálfari kenndi heilsueflingu.
- Sveinbjörn Sigurðsson sjúkráðgjafi var þátttakendum til ráðgjafar varðandi líkamsrækt og kom að fræðslu.

Ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta

Auk einstaklingsbundinnar ráðgjafar og sérfræðiþjónustu sem fagfólk Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar veitir er samstarf um einstaklingsbundna ráðgjöf og ýmsa sérfræðiþjónustu við ýmsa viðurkennda sérfræðinga utan stöðvarinnar. Dæmi um einstaklingsmiðaða þjónustu sem veitt er í endurhæfingunni :

- Aðstoð við atvinnuleit
- Fjármálaráðgjöf
- Fjölskylduráðgjöf
- Iðjuþjálfun
- Náms- og starfsráðgjöf
- Næringarráðgjöf
- Ráðgjöf um líkamsrækt
- Ráðgjöf og meðferð sjúkráðgjafara
- Sálfræðiviðtöl
- Svefnráðgjöf
- Uppeldisráðgjöf
- Vigtarráðgjöf

Hreyfing

Mikil áhersla er lögð á virkja þátttakendur til hvers konar hreyfingar í starfsendurhæfingunni. Daglega er farið í stuttar gönguferðir innan bæjar, þátttakendur hafa frjálsan aðgang að tækjasal

undir leiðsögn sjúkraþjálfara eða stuðning við reglulega líkamsrækt annars staðar. Frá vori til hausts er farið vikulega í gönguferðir út í náttúruna umhverfis höfuðborgarsvæðið þar sem hver gengur miðað við sína getu. Leiðsögumenn í gönguferðum eru starfsmenn Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar.

Félagslegir þættir

Samvera og samskipti hafa mikið vægi í endurhæfingunni. Húsnæði Starfsendurhæfingarinnar býður upp á góð skilyrði til þess að fólk kynnist og þjálfar sig í samskiptum auk þess sem starfið er brotið upp reglulega og farið út út húsi í þeim til gangi að eiga saman góðar stundir.

Fastir liðir eins og sumargleði og jólagleði voru á sínum stað á árinu 2016 og tókust vel.

Starfsprófun / starfsþjálfun

Frá því snemma árs 2010 hefur Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar verið í samstarfi við ótal fyrirtæki um starfsprófanir þátttakenda á vinnumarkaði. Það hefur verið lokahluti endurhæfingar flestra þátttakenda síðustu árin. Í starfsprófun fara þeir á vinnustað sem þeir hafa valið sjálfir með eða án aðstoðar starfsfólksins, mæta þar til starfa reglulega og láta reyna á vinnugetu sína og vinnuþrek. Þetta hefur gefið góða raun og gengið vel í prýðilegu samstarfi við atvinnurekendur.

Vert er að leggja áherslu á mikilvægi þess vanda til verka og vara við því að kastað sé til höndum við starfsprófanir eða reynsluráðningar. Til þess að auka líkur á því að vel takist til leggur Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar áherslu á að undirbúa þátttakendur vel, greina styrkleika þeirra og veikleika, aðstoða þá við að vinna á veikleikumum og veita þeim tækifæri til þess að nýta styrkleikana. Stuðningur þarf að vera í boði bæði fyrir þátttakendur, vinnustaði og tengiliði þar og skýrar línur eru nauðsynlegar varðandi utanumhald og framkvæmd. Sé undirbúningi ábótavant og stuðningi við ferlið áfátt er hætt við að illa fari og bæði þátttakendur og fyrirtæki gefist upp.

Samstarf um starfsprófun felur ekki í sér skuldbindingu um ráðningu í starf að starfsprófun lokinni, en nokkur dæmi eru þó um að þátttakendum hafi boðist störf hjá fyrirtækjum þar sem þeir hafa verið í starfsprófun.

Fræðsla og menntun starfsfólks

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hvetur starfsfólk sitt til þess að efla sig í starfi með því að taka þátt í ráðstefnum og sækja sér endurmenntun og viðbótarmenntun. Á árinu 2016 sótti starfsfólk ýmsar ráðstefnur, námskeið og fræðslu í þeim tilgangi auk þess sem þrjú starfsmenn stunduðu nám með vinnu hluta ársins.

Þróunarverkefni

Starfsemin er í stöðugri þróun og reynt af fremsta megni að mæta fjölþættum þörfum þátttakenda eins vel og kostur er með mismundandi námskeiðum og einstaklingsþjónustu.

Mikil hlutfallsleg fjölgun hefur orðið í hópi þátttakenda undir 35 ára og sérstaklega í yngsta hópnum, 18-25 ára. Það er sérstaklega áberandi síðustu tvö árin. Undirbúningur þróunarverkefnis sem miðar að því að yfirfara og endurskipuleggja þjónustu við ungt fólk hófst í árslok 2016. Tilgangurinn er að sníða þjónustuna enn betur að þörfum yngsta aldurshópsins. Sótt

var um styrk til Virk til þróunar nýs úrræðis í janúar 2017, en þegar skýrsla þessi er rituð, í mars 2017 er ekki búið að afgreiða umsóknina.

Samstarf

Þátttakendur í endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar koma víðs vegar að af höfuðborgarsvæðinu og því er nauðsynlegt að eiga gott samstarf við mjög margar þjónustustofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu s.s. heilsugæslustöðvar og félagsþjónustur.

Gott samstarf er við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar og forsvarsmenn stöðvanna ræða reglulega saman á símafundum. Enginn sameiginlegur fundur fagfólks var haldinn á síðasta ári.


Samstarf við Virk og ráðgjafa Virk hjá stéttarfélögum hefur vaxið og gengið vel. Á árinu 2016 hófust sameiginlegir rýnifundir sem haldin er reglulega þar sem farið er yfir málefni þátttakenda og framgang endurhæfingar og ákvarðanir teknar um næstu skref.

Við fengum margar heimsóknir á árinu af fagfólki sem starfar í félags- eða heilbrigðisþjónustu hérlendis og erlendis, sem vildu kynna sér starfsemina og skiptast á skoðunum um fagleg málefni.

Starfsemi ársins

Á árinu 2016 var 57 þátttakendum vísað í endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar frá ráðgjöfum Virk hjá stéttarfélögum. Það er talsverð fækkun frá árinu 2015, er 78 var vísað í þjónustu.


Konur voru í miklum meirihluta, eða 79% þeirra sem vísað var í endurhæfingu á árinu.



Mynd 1. Tilvísanir 2016. Kynjaskipting þátttakenda


Þátttakendur höfðu mjög ólíkan bakgrunn hvað varðar menntun og vinnureynslu. Nokkrir einstaklingar höfðu áratuga langa reynslu af vinnumarkaði en aðrir alls enga. Að talsverðu leyti skýrist það af aldri þátttakenda, en þeir voru á aldrinum 18 – 58 ára. Á mynd 2 má sjá að hlutfall ungs fólks var mjög hátt, en 30% tilvísana voru vegna fólks á aldrinum 18 – 25 ára og 37% vegna

fólks á aldrinum 26 – 35 ára. Tveir þriðju þeirra sem vísað var í atvinnutengda endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar á árinu 2016 voru því einstaklingar á aldrinum 18 – 35 ára.



Mynd 2. Tilvísanir 2016. Aldur þátttakenda, ár


Fjarvera þátttakenda frá vinnumarkaði áður en endurhæfing hófst var allt að 18 árum, en tveir einstaklingar voru enn í litlum hlutastörfum sem þeir héldu áfram í samhliða endurhæfingu. 77% þátttakenda með skráða vinnureynslu höfðu verið frá vinnu hálf ár eða lengur, en rannsóknir sýna að líkur á því að verulega dragi úr líkum þess að fólk snúi aftur til vinnu sé það lengur en 6 mánuði utan vinnumarkaðar.



Mynd 3. Tilvísanir 2016. Fjarvera frá vinnumarkaði, mánuðir

Um það bil fjórðungur þeirra sem vísað var í starfsendurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar hóf ekki þátttöku, heltist úr lestinni eða fór aftur til tilvísandi ráðgjafa Virk. Einn


fimmti hluti lauk sinni endurhæfingu á árinu og í árslok var um helmingur þátttakenda enn í virkri endurhæfingu. Skýringar þess að einstaklingar hætta eru ýmsar s.s. að þeir reynast ekki vera tilbúnir eða eru of veikir til þess að uppfylla mætingarviðmið eða standast aðrar kröfur sem til þeirra eru gerðar eða þjónustan hentar þeim ekki nægilega vel af öðrum ástæðum.



Mynd 4. Tilvísanir 2016. Staða þátttakenda í árslok

Árangur

74 einstaklingar luku endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar á árinu 2016. 57% þeirra fóru beint í vinnu, atvinnuleit eða nám. 3% fóru í önnur endurhæfingarúrræði, en tilvísandi ráðgjafar tóku aftur við þjónustu við 31% þeirra sem luku þátttöku. Sumt af því fólki hefur væntanlega haldið áfram í þjónustu á vegum Virk en annað ekki, sumir farið í vinnu, aðrir í örorkumat, en Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hefur ekki upplýsingar um endanlegan árangur af endurhæfingu þessa fólks.



Mynd 5. Árangur þeirra sem luku þátttöku 2016

Lokaorð

Þegar árið 2016 er gert upp er einkum þrennt sem vekur athygli: fækkun nýrra þátttakenda, mikið brottfall og hlutfallsleg fjölgun ungs fólks sem vísað er í þjónustu.

Á árinu 2015 var fjöldi nýrra tilvísana óvenju mikill, en þrátt fyrir það kemur svo mikil fækkun sem raunin varð á óvart þar sem upplýsingar frá Virk starfsendurhæfingarsjóði segja að þó að tilvísunum til sjóðsins hafi ekki fjölgað, glími hlutfallslega stærri hluti þeirra sem þangað er vísað við fjölbættan og erfiðan vanda. Það er einmitt markhópur starfsendurhæfingarstöðva eins og Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar og því er fækkunin umhugsunarverð og vert að greina ástæðu hennar nánar.

Ástæða þess að einstaklingar hverfa úr þjónustu geta verið margar. Þær helstu eru að þeir reynast ekki vera tilbúnir til þess að skuldbinda sig til þess að sinna starfsendurhæfingu og sjá það ekki þjóna sínum hagsmunum, eru of veikir til þess að uppfylla mætingarviðmið eða standast aðrar kröfur sem til þeirra eru gerðar eða að þjónustan hentar þeim ekki nægilega vel af öðrum ástæðum. Mikilvægt er að greina ástæður brottfalls til þess að unnt sé að sníða þjónustuna betur að þörfum þeirra sem hafa raunverulega vilja til þess að sinna endurhæfingu en þjónustan mætir ekki þörfum þeirra nægilega vel eða þeir ráða ekki við þær kröfur sem til þeirra eru gerðar miðað við núverandi áherslur.

Áframhaldandi fjölgun ungs fólks sem leitar eftir starfsendurhæfingu er verulegt áhyggjuefni, en kemur því miður ekki á óvart. Þegar litið er til niðurstaðna kannana og rannsókna á högum ungmenna á Íslandi er ljóst að félags- og heilsuvandi þeirra er verulegur og æ fleira ungt fólk glímir við félagslega einangrun, kvíða og þunglyndi. Vel heppnuð starfsendurhæfing ungs fólks er ein verðmætasta afurð starfsendurhæfingar. Hún breytir framtíðarhofum þeirra er ná árangri, barna þeirra og fjölskyldna auk þess að vera þjóðhagslega mjög hagkvæm. Því er mikilvægt að þjónustan mæti þörfum hópsins og þróist í takt við þær þó að allra best væri að takast mætti að draga úr þörf hans fyrir þjónustuna. Til þess þarf sameiginlega viðleitni margra þjónustukerfa og í raun þjóðfélagsins alls og er óskandi að takast megi að snúa þessar óheillaþróun við.

Ljóst er að starfsendurhæfingarþjónusta þarf að vera sveigjanleg og í stöðugri þróun til þess að mæta ólíkum þörfum þeirra sem á henni þurfa að halda. Gæta þarf þess að sofna ekki á verðinum í þeirri trú að hafa náð fullkomnum tókum á verkefninu heldur halda vöku sinni, hlusta á þá sem eftir þjónustunni leita, fylgjast með rannsóknum á sviðinu og leita nýrra leiða til árangurs.